



14. ágúst 2017

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðarbæjar
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Undirrituð, íbúar við Brekku- og Lindarhvamm, óskum eftir því við Umhverfis- og framkvæmdaráð að ráðist verði í framkvæmdir við Óla Run tún í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar sem samþykkt var þann 1. maí 2014 og gildir frá árinu 2013 til ársins 2025. Aðalskipulag er langtímaáætlun fyrir svæðið (28.grein lög 123/2010). Með því var haldið áfram með stefnumótun bæjarins sem ákveðin var með deiliskipulagi fyrir hverfið, auk túnsins, á fundi bæjarstjórnar þann 30. júní 2003. Það deiliskipulag var sett í kjölfar tilraunar til að byggja á túninu, en þær fyrirætlanir mættu miklum mótmælum íbúum bæjarins og ákveðið var í kjölfarið að skipuleggja frístundasvæði á túninu með fyrrgreindu deiliskipulagi.

Af ofangreindum ákvörðunum og gildandi skipulagi má ljóst vera að vilji bæjaryfirvalda sé að túnið sé grænt svæði með margs konar notkun, en sá vilji var síðast staðfestur af bæjarráði með nýju aðalskipulagi. Í skipulaginu segir:

„Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 er gott dæmi um verkefni sem unnist hefur þvert á pólitískar línur, enda er aðalskipulag í eðli sínu langtímastefna bæjarfélagsins um uppbyggingu og þróun, en um leið þarf hún að endurspegla samfélagsgerð og áherslur á hverjum tíma.“
(Hafnarfjarðarbær 2017) [Slóð á aðalskipulag, bls.8](#)

Þetta viðhorf er ítrekað síðar í aðalskipulaginu (bls.21):

„Við þéttingu byggðar skal gætt að ekki verði gengið á nauðsynleg eða ómetanleg útivistarsvæði og óspillta náttúru.“

Óla Run tún er um margt sérstakt og á sér ríka sögu. Túnið er kennt við Ólaf Runólfsson fjárbónda, en Ólafur seldi hluta af landi sínu undir ný hverfi í Hafnarfirði, hverfi sem nú falla undir Hvamma og Holt. Hann hélt eftir túninu sem við hann er kennt og var þar með sauðfé. Á túninu voru um árabil haldnar skipulagðar æfingar á vegum Knattspyrnufélagsins Hauka, en margir bæjarbúar kannast við að hafa æft þar knattspyrnu og stundað ýmis konar útivist.

Árið 2008 hélt Hafnarfjarðarbær hugmyndasamkeppni um notkun túnsins og voru myndarleg verðlaun veitt fyrir þrjú efstu sætin. Ætla má að sökum breytinga, vegna efnahagshrunsins og slæmrrar fjárhagsstöðu bæjarins, hafi þótt nauðsynlegt að biðja með framkvæmd verðlaunatillagnanna en síðan eru liðin 9 ár.



Árið 2016 var stofnuð fésbókarsíða um túnið og notkun þess. Í hópnum eru hátt í þrjú hundruð áhugamenn um túnið en á þessum vettvangi hafa sprottið upp margar og ólíkar hugmyndir um notkun túnsins. Margir vilja sjá góða íþróttaaðstöðu, t.d. fótboltavelli, sams konar og finna má víða og KSÍ hefur komið að, svokölluðum Sparkvöllum. Aðrir vilja að á túninu verði sett upp svið, t.d. sem nota mætti á fjöldasamkomum eins og á 17. júní, en svæðið er afar miðsvæðis fyrir alla bæjarbúa og þaðan er útsýni yfir perlu Hafnarfjarðar, sjálfa höfnina. Enn aðrir vilja sjá almenningsgarð á túninu þar sem hægt er að njóta þess að stunda íþróttir, liggja í grasinu eða slá bolta í góðra vina hópi en slíkum opnum svæðum fer fækkandi í borgarlandinu. Íbúar, þar með talin undirrituð, hafa lýst yfir vilja til að ættleiða svæðið og þannig sjá um umhirðu þess í samstarfi við bæjarfélagið. Undirrituð hafa þegar setið tvo fundi með formanni Skipulags- og bygginarráðs Hafnarfjarðar þar sem leitað var upplýsinga um hvort uppi væru tilætlanir um breytingu á skipulagi, en fram höfðu komið óljósar fregnir af slíku. Á þeim fundum kom fram að engar slíkar hugmyndir hafa verið lagðar fram, af því leiðir að ekkert er til fyrirstöðu að uppfylla skipulagið eins og það hefur verið margstaðfest.

Að ofangreindu má ráða að eindreginn vilji er meðal íbúa að haldið verði áfram með framkvæmd deiliskipulagsins og ráðist í framkvæmdir við að gera túnið að þeim almenningsgarði sem deiliskipulagið leggur upp með.

Meðfylgjandi bréfi þessu er samantekt af umræðum á fésbókarsíðu túnsins sem spunnist hafa meðal íbúa á svæðinu um notkun þess.

Með von um skjót viðbrögð og jákvæðar undirtektir,

Brynjólfur Jónsson, Lindarhvammi 14

Guðvarður Björgvin Fannberg Ólafsson, Lindarhvammi 10

María Kristín Gylfadóttir, Brekkuhvammi 4

Þórir Ingvarsson, Lindarhvammi 12